

Mánudaginn 24. janúarmánaðar.

Nr. 38/1896:

Hannes Thorsteinson  
fyrir hönd Eller & Co.  
gegn  
Árna Sveinssyni.

D ó m u r :

Með samningsgjörðum á Önundarfirði 12. júlímán. 1893 stofnuðu þeir Andrew Johnson, kaupmaður í Hull á Englandi, N. Kr. Nielsen frá Ringkjöbing í Danmörku og P. J. T. Halldórsson á Önundarfirði fjelag með sjer til þess að reka fiskiveiðar, verksmiðjuíðn og verzlunarstörf, og nefndist fjelagið »Islandsk Exportforretning«; heimili þess skyldi vera á Flateyri við Önundarfjörð. Skyldi Andrew Johnson leggja í fjelagssjóð 18,000 kr., P. Halldórsson 20,000 kr. og Nielsen 2000 kr. Eptir 3. gr. samningsins voru þessir 3 semjendur allir jafnrjettháir stjórnendur fjelagsins, og allir höfðu þeir rjett til þess að undirskrifa fyrir fjelagið (»tegne Firmaet«). Eptir því sem fram er komið í málinu, þó eigi standi það í þessum samningi, var það tilætlan þeirra fjelaganna, að P. Halldórsson og Nielsen rækjustörf fjelagsins hjer á landi, en Johnson gætti hagsmuna þess erlendis, einkanlega á Englandi. Hinn 14. okt. 1893 sendi P. Halldórsson fyrir hönd eða í nafni fjelagsins fiskfarm með skipinu »Kamp« til verzlunarhússins Eller & Co. í Manchester í því skyni að hann seldi farminu. Að fiskfarmurinn var sendur til Eller & Co., en ekki til Johnson í Hull, kom af því að ósamþykki nokkurt var þá komið upp á milli fjelag-

anna, Johnson á aðra hliðina og P. Halldórssonar og Nielsen á hina hliðina. En á hinu leikur enginn vafi, að farmurinn hafi verið eign fjelagsins »Isl. Exportforretning«, að hann hafi verið sendur Eller sem eign fjelagsins, og að Nielsen, sem þá var á Önundarfirði, hafi samþykkt þessa ráðstöfun, þótt nafn hans standi eigi á hleðsluviðurkenningu (Connossementi) skipstjóra. Eller & Co. seldi síðan farminn, og eptir að hann hafði borgað ýmsar upphæðir af andvirdinu, lagði hann afganginn, sem eptir skilagrein hans, dags 10. jan. 1894, var 800.2.2. pd. st. í banka í Hull. Nokkru síðar krafðist Andrew Johnson þess af Eller að hann borgaði sjer sem rjettum hlutadeiganda þessa upphæð. Eller vildi eigi gjöra það í fyrstu, en þó fór svo að hann greiddi Johnson peningana í júlímánudi 1894 gegn viðurkenningu hans og fjelaga hans annars, N. Kr. Nielsen, fyrir hönd »Isl. Exportforretning«, og gegu því að þeir tveir fjelagar gáfu honum sjerstaka yfirlýsingu um það, að þessi greiðsla skyldi verða honum ábyrgðarlaus. Skjöl þessi eru ódagsett, en eru út gefin í júlím. 1894. Viðurkenninguna fyrir greiðslu peninganna hafa þeir Johnson og Nielsen itrekað með skjali, útgefnu 17. nóv. 1896, og er þess þar getið, að peningarnir hafi gengið til greiðslu upp í skuld hinnar »Isl. Exportforretning« til verzlunarfjelagsins Andrew Johnson Knudtson & Co. Á hinn bóginn verður eigi sjeð, að P. Halldórsson hafi samþykkt þessa ráðstöfun á andvirdinu fyrir fiskfarminn, og það er enda komið fram, að hann hafi í brjefi til Ellers mótmælt því, að fjeð væri borg-

að til Andrew Johnson, enda virðist Eller eigi hafa gjört það, fyr en Johnson gekk svo ríkt eptir peningunum, að Eller gat búizt við málsókn af hans hálfu. Í júlímánuði 1894 skrifuðu þeir A. Johnson og N. Kr. Nielsen til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu og kröfðust þess, að »Isl. Exportforretning« væri tekin til skiptameðferðar sem gjaldbrota, og virðist fjelagið hafa verið lýst gjaldbrota í skiptarjettinum 25. ágústm. næst á eptir, en engin átylla er til þess að álíta, að Eller & Co. hafi verið kunnugt um þessar ráðstafanir fyr en æði löngu seinna. Í skjölum fjelagsins (»Isl. Exportforretning«) hefur áðurnefnd skilagrein Ellers, dags. 10. jan. 1894, fundizt, og er svo að sjá sem skiptarjetturinn hafi þegar ákveðið, að selja skyldi á opinberu uppboði innieign fjelagsins hjá Eller eptir skilagreiniuni 800.2.2 pd. st., án þess nokkuð væri grennslazt eptir því, hvort Eller væri enn handhafi innieignarinnar og án þess leitað væri nokkurra samninga við hann um innieignina. Á uppboði, sem haldið var að tilhlutun skiptarjettarins á Flateyri 24. sept. 1894, var innieign þessi seld, og varð stefndi, Árni kaupmaður Sveinsson, hæstbjóðandi að henni fyrir 25 kr. Með brjefi 11. nóv. 1895 skýrði Árni Sveinsson Eller & Co. frá því að hann væri orðinn eigandi innieignarinnar og óskaði yfirlýsingar hans um »kröfu þessa« við fyrsta tækifæri; en með brjefi 18. jan. 1896 lýsti Eller & Co. því yfir við Arna Sveinsson, að þeir viðurkenndu alls eigi kröfuna. Þá ljet **Arni Sveinsson**, sem hafði fengið vitneskju um það, að Eller & Co. átti tje innistandi hjá Sig-

fúsi kaupmanni Jónssyni á Akureyri, kyrsetja og leggja löghald á tjeða innieign, 3000 kr., og var kyrsetningargjörðin framkvæmd af fógetarjetti Akureyrarkaupstaðar 18. júlí 1896. Síðan höfðaði Árni Sveinsson mál gegn Sigfúsi kaupmanni Jónssyni fyrir gestarjetti Akureyrarkaupstaðar til þess að fá kyrsetningargjörðina staðfesta og Sigfús dæmdan til að greiða 3000 kr. fyrir hönd Eller & Co., og lauk máli þessu með dómi rjettarins, uppkveðnum 27. ágúst næst á eptir, þannig, að kyrsetningargjörðin var staðfest, og Sigfús Jónsson var dæmdur til þess fyrir hönd Eller & Co. að greiða cand. polit. Sigurði Briem í Reykjavík fyrir hönd Árna Sveinssonar hina kyrsettu innieign, 3000 kr., til lúknings, að svo miklu leyti til hrökkur, upp í skuld nefnds verzlunarfjelags til Árna Sveinssonar að upphæð 800.2.2, pd. sterl. og upp í 5% vexti hjer af, frá stefnudegi, unz greitt verður, svo og til að greiða 50 kr. upp í málskostnað. Dómi þessum hefur cand. jur. Hannes Thorsteinson skotið til yfirdómsins fyrir hönd Eller & Co. með stefnu 31. okt. 1896, og gjört þær rjettarkröfur, að hinn áfrýjandi dómur og öll meðferð málsins verði dæmd ómerk, og málinu vísað frá gestarjettinum, en stefndi verði dæmdur til að greiða Eller & Co. 9000 kr. í skadabætur eða skadabætur eptir mati óvilhallra manna, en til vara, að hinum áfrýjanda dómi verði breytt þannig, að kyrsetningargjörðin 18. júlí 1896 verði felld úr gildi og Eller & Co. dæmdir sýknir af öllum kröfum stefnda, en að stefndi verði dæmdur til að greiða Eller & Co. 9000 kr. skadabætur eða

skaðabætur eptir óvilhallra dómkvaddra manna mati; svo krefst og áfrýjandi þess, að allur málskostnaður verði, hvernig sem málinu lýkur, dæmdur til handa Eller & Co. skaðlaust, eða að öðrum kosti með einhverri nægilegri upphæð eptir rjettarins mati. Á hinn bóginn hefur stefndi Árni Sveinsson krafizt þess, að kyrsetningargjörðin og gestarjettardómurinn verði staðfest, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða allan málskostnað að skaðlausu eða eptir mati rjettarins.

Krafa áfrýjanda um, að gestarjettardómurinn verði ómerktur og málinu vísað frá gestarjettinum, verður eigi tekin til greina, því að bæði voru skilyrðin fyrir gestarjettarmedferð málsins í hjerði fyrir hendi, og svo hefur málið einnig að öðru leyti verið rekið löglega fyrir gestarjettinum.

Úrslit málsins eru komin undir því, hvort álitid verður að Eller & Co. hafi skuldað fjelaginu »Islandsk Exportforretning« eða búi þess 800.2.2 pd. sterl. hinn 24. sept. 1894, þegar þessi skuldakrafa búsin var seld stefnda, en það fer aptur eptir því, hvort greiðsla hans á þessari upphæð til Andrew Johnson í júlímánuði næst á undan hefur verið lögmæt. Eins og áður er tekið fram, er engin ástæða til að ætla, að Eller & Co. hafi þá haft hugmynd um, að fjelagið væri í þann veginn að verða eða væri þegar orðið gjaldþrota; þegar áfrýjandi tók við farminum af »Kamp«, tók hann við honum sem eign fjelagsins og hann seldi hann sem eign þess; P. Halldórsson hafði engan frekari rjett yfir honum en hinir 2 fjelagsmennirnir.

Þar sem stefndi hefur haldið því fram í málsfærslu sinni, að P. Halldórsson hafi verið aðalmaðurinn í fjelaginu og að hann hafi einkanlega og einn haft umráðarjett yfir nefndum skipsfarmi, þá er ekkert fram komið í málinu, er rjettlæti þessa staðhæfingu, og eigi getur hún samrýmzt við fjelagssamninginn, sem var lög þeirra fjelagsmanna. Það er áður tekið fram, að eptir 3. gr. samnings þessa voru þeir allir 3 (Johnson, Halldórsson og Nielsen) jafnrjett háir stjórndur fjelagsins, og að þeir hafi allir þrír, þ. e. hver þeirra, haft heimild til að undirskrifa fyrir fjelagið. Eptir þessum samningi eða lögum, sem voru Eller kunnug, mátti hann álita, að kvittun Johnsons eins væri nægileg fyrir sig, hvað þá heldur er samþykki annars fjelagsmannsins, Niensens, var fengið til þessarar ráðstöfunar, eins og nægilega er sannað í málinu. Eptir fjelagssamningnum eða lögum þess, hinni tilvitnuðu grein þeirra, mátti Eller borga upphæðina hverjum fjelagsmanninum, er hann vildi. Það má og taka það hjer fram, að Johnson virðist með brjefi, skrifudu í Hull 16. júlí 1894, hafa tilkynnt fjelaginu »Islandsk Exportforretning« á Önundarfirði greiðslu fjárens af hálfu Ellers til sín, án þess sjed verði, að þessari tilkynningu hafi nokkur gaumur verið gefinn í þrotabúinu eða þegar krafan á hendur Eller var seld stefnda.

Samkvæmt þessu verður að álíta, að Eller & Co. hafi haft lögmæta heimild til að greiða Andrew Johnson upphæð þá, sem ræðir um í máli þessu, og að upphæð þessi hafi því eigi staðið inni hjá

áfrýjanda hinn 24. sept. 1894, er skuldin var seld stefnda sem eign þrotabús hñnnar »Isl. Exportforretning«. En af þessu leiðir, að það verður að fella úr gildi hinn áfrýjaða gestarjettardóm og kyrsetningargjörðina, og dæma áfrýjanda al-sýknan af kröfum stefnda í máli þessu. Svo verður stefndi og að greiða áfrýjanda hæfilegar skaðabætur fyrir kyrsetninguna á eign hans eptir mati óvilhallra manna samkvæmt N. L. 1. 19. 21, en skaðabæturnar mega þó eigi fara fram úr 9000 kr. eptir kröfu áfrýjanda. Svo ber stefnda og að greiða áfrýjanda í málskostnað 100 krónur.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði gestarjettardómur og kyrsetningargjörð skal úr gildi felld. Áfrýjandi Eller & Co. í Manchester skal vera sýkni fyrir kröfum stefnda kaupmanns Árna Sveinsonar á Ísafirði í máli þessu. Stefndi greiði áfrýjanda skaðabætur eptir óvilhallra, dómkvaddra manna mati, þó eigi hærri upphæð en 9000 kr. og málskostnað með 100 kr.

Dóminum skal fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagri aðför að lögum.